



Fundargerð í Dreifbýlisráði

3. fundur í Hverfisráði Langanesbyggðar, haldinn mánudaginn 9. mars 2020 kl. 12:00. Fundurinn var haldinn að Langanesvegi 1 (skrifstofa Steinunnar)

Mættir eftirtaldir nefndarmenn og varamaður: Kristinn Lárusson, Þórður Úlfarsson, Steinunn Anna Halldórsdóttir og Reimar Sigurjónsson.

Dagskrá

Refa-minkaveiðar

Refaveiðar

Afar mikilvægt er að slá ekki slöku við þegar kemur að veiðum á ref. Helst þyrfti að auka fjármagnið og fjölga veiðimönnum. Til þess að sporna við drápi á bæði sauðkind og fuglum ásamt því að verja æðarvarp.

Mikilvægt að samningar náist milli sveitarfélags og veiðimanna um grenjavinnslu og veiðar á hlaupadýrum. Mikilvægt að sátt náist milli veiðimanna og sveitafélags. Einnig er afar mikilvægt að útrunnir samningar um vetrarveiði séu endurnýjaðir eins fljótt og auðið er eða auglýst eftir nýjum veiðimönnum. Bendum á að dýrum fjölgar mikið að vori þegar læður gjóta af því hlýst meiri vinna og kostnaður.

Mikilvægt er að hækka kostnaðaráætlunina nær raun þörf. Samanber fór kostnaður við veiðar 1,5 m.kr fram úr áætlum 2019.

Minkaveiðar

Afar mikilvægt er að slá ekki slöku við þegar kemur að veiðum á mink. Helst þyrfti að auka fjármagnið og fjölga veiðimönnum. Til þess að sporna við drápi á bæði fuglum og laxi / silungi ásamt því að verja æðarvarp.

Mikilvægt að semja við veiðimenn til þriggja ára líkt og gert er við refaveiðar. Með því myndi veiðimaður sjá hag sinn í því að fjárfesta í búnaði og þar með tryggt að minkar yrðu veiddir.

Fleiri ekki gert og fundi slitið klukkan 13:00.